

Fjórir kaupmenn og klæðskiptingur

Um tilurð og áhrif almúgabókar

Í þessari grein er fjallað um *Sögu af fjórum kaupmönnum* sem er, enn sem komið er, einungis aðgengileg í handritum. Sagan heyrir til svonefndra almúgabóka sem voru þýddar yfir á íslensku á 16., 17. og 18. öld. Hún fjallar um kaupmenn sem veðja um trúlyndi eiginkonu eins þeirra, Ambrósíusar frá Genúa. Í kjölfarið er kaupmannsfrúin ranglega sökuð um framhjáhald og missir hún við það æru sína. Konan, sem tekst naumlega að forða lífi sínu, grípur til sinna ráða og dulbýr sig sem karlmann. Í þessu gervi tekst henni að vinna sig upp til ædstu metorða og verður að lokum þekkt sem Friðrik landstjóri. Í skjóli embættis síns tekst henni að fletta ofan af svikaranum og koma fram hefndum.

Þema sögunnar er víða þekkt í evrópsku samhengi en íslenska þýðingin, sem er talin vera frá síðari hluta 17. aldar, þykir líkust danskri gerð. Þýðingin er nú varðveitt í fjórum uppskriftum, þrennum rímum og kvæðinu *Kaupmannabrag* en titill prósatextans er ýmist „Saga af fjórum kaupmönnum“, „Historía um fjóra kaupmenn og eina ærlega kvinnu“ eða „Eitt ævintýri eða frásaga af fjórum kaupmönnum“. Í eftirfarandi umfjöllun verður söguefnið skoðað í víðu samhengi og í upphafi verður athyglinni beint að þróun þess í Evrópu. Eftir það verður fjallað um íslensku þýðinguna sérstaklega og varðveislu hennar. Að lokum verður sagan greind með áherslu á þema hennar og boðskap og leitast við að draga fram og varpa ljósi á hugmyndir um stöðu kvenna fyrr á öldum. Einkum og sér í lagi verður þó spurt hvaða erindi sagan gæti hafa átt til íslenskra áheyrenda á 17. öld og þann tíma sem hún naut vinsælda og hvernig lesendur hennar og áheyrendur gætu hafa lesið í og túlkað þau gildi sem þar eru dregin fram.



Almúgabækur

Almúgabækur (þý. *Volksbücher*, da. *folkebøger*) eru í grunninn afþreyingarbókmenntir sem spruttu fram víða um Evrópu í kjölfar prentlistarinnar, þegar ódýrt var að prenta bæklinga og selja. Efni almúgabóka gat verið af ólíku tagi, svo sem miðaldaævintýri (dæmisögur, *exempla*), sagnir og kvæði, en oft voru þetta þó styttri gerðir af áður þekktum sögum, einkum listævintýrum eða svokölluðum nóvellum.¹ Nóvellur einkennast af því að rithöfundar sóttu sér söguefni í munnlega geymd og endursköpuðu það í formi bókmennta með tilheyrandi stílbreytingum og aukinni áherslu á boðskap. Nóvellur nutu mikilla vinsælda í Evrópu allar götur, allt frá miðöldum og fram á síðari aldir. Eitt vinsælasta safn nóvella frá miðöldum er vafalaust *Decameron* eftir ítalska rithöfundinn Giovanni Boccaccio (1313–1375) en þar má meðal annars finna söguna um Griseldu (*Dec.* 10.10) sem átti síðar eftir að ná mikilli útbreiðslu í formi almúgabókar.

Að jafnaði voru sögur almúgabóka styttrar í þeim tilgangi að takmarka pappírsmarkaðinn en með því móti var ódýrara að prenta þær og líklegra að almenningur hefði efni á að kaupa þær. Í enskumælandi löndum gengu prentbæklingar þessir undir nafninu „chapbooks“ (sbr. *cheap books*), og voru seldir á torgum úti eða þá að þeir bárust með farandkaupmönnum þorp úr þorpi. Þar sem að bæklingarnir voru oftar en ekki lesnir upphátt gátu sögurnar hæglega borist út í munnmæli og ljóst er að sama þróun átti sér að einhverju leyti stað á Íslandi. Sem dæmi um þetta má einmitt nefna söguna um Griseldu sem var þýdd hér á landi á 17. öld og skráð eftir munnmælum á 19. öld. Griselda er víða þekkt í erlendum bókmenntum (sbr. einnig Grizzel), en á Íslandi er hún okkur kunn sem Gríshildur góða.²

Sú þróun að sögur almúgabóka hafi auðveldlega ratað út í munnmæli er í sjálfu sér merkileg, því að sé um listævintýri að ræða er söguefnið upphaflega fengið úr munnlegri geymd og eftir hinn bókmenntalega varðveisluférl, fyrst í formi nóvellu og síðar almúgabókar, berst það út í munnmælin aftur. Augljóst er að varðveisla sem þessi býður upp á samanburðarrannsóknir með áherslu á mismunandi einkenni munnmæla og bókmennta og þeirrar blöndunar sem að jafnaði á sér stað í slíku ferli. Að öðru leyti getur verið merkilegt að athuga hversu

¹ Um bókleg ævintýri (miðaldaævintýri, almúgabækur og listævintýri), sjá Jack Zipes, „Introduction. Towards a Definition of the Literary Fairy Tale“, *The Oxford Companion to Fairy Tales*, London og Oxford: Oxford University Press, 2000, bls. xv–xxxii.

² Sagan var þýdd oftar en einu sinni og eftir mismunandi gerðum, sbr. Hubert Seelow, *Die islandischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher*, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1989, bls. 118–20; Halldór Hermannsson, *The Story of Griselda in Iceland*, Ithaca, New York: Cornell University Library, 1914.

langt er hægt að ganga í að stytta sögur án þess að merking þeirra beri skaða af. Þótt mikið efni liggja undir eru rannsóknir á íslenskum almúgabókum stutt á veg komnar, ekki síst þar sem mismunandi gerðir eru bornar saman. Á hinn bóginn standa samanburðarrannsóknir með miklum blóma víða erlendis.³

Það er í sjálfu sér umdeilanlegt hvort líta beri á almúgabækur sem sjálfstæða tegund bókmennta, enda geta þær falið í sér mismunandi greinar og ólík form, bæði í bundnu máli og óbundnu, eins og þegar hefur komið fram.⁴ Það er því ef til vill réttara að skilgreina almúgabækur sem nýjan miðil mismunandi tegunda. Prentun almúgabóka var þó mismikil meðal einstakra þjóða og til að mynda voru prentaðir bæklingar að erlendra fyrirmynd ekki í umferð á Íslandi, fyrir utan þau eintök sem bárust hingað frá öðrum löndum.⁵ Útbreiðsluhéð almúgabóka hér á landi var því eingöngu bundin við uppskriftir í pappírshandritum. Á Íslandi voru almúgabækur einkum þýddar úr þýsku og dönsku og eitthvað mun hafa verið þýtt úr hollensku og jafnvel frönsku. Ekkert yfirlitsrit er til um íslenskar þýðingar almúgabóka en Hubert Seelow fjallaði sérstaklega um þýðingar úr þýsku í riti sínu *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher*.⁶ Elsta dæmið um almúgabók í íslenskrí aðlögun eru *Pontus rímur* eftir Magnús Jónsson prúða (um 1525–1591), ortar eftir sögunni um Pontus og Sídóníu.⁷

³ Sem dæmi um nýlega rannsókn á varðveisluferli almúgabókar, sjá *Salomon and Marcolf. Vernacular Traditions*, ritstjóri Jan M. Ziolkowski, Cambridge og London: Harvard University Press, 2022. Sem dæmi um nýlega rannsókn á íslensku efni sérstaklega, sjá Reynir Þór Eggertsson, „The Griselda story. The transformation from the “patient Griselda” to “Gríshildur the good” in Icelandic tradition“, *The fantastic in Old Norse/Icelandic literature. Sagas and the British isles*, ritstjórar John McKinnell, David Ashurst og Donata Kick, Durham: The Centre for Medieval and Renaissance Studies, 2006, bls. 817–825; Reynir Þór Eggertsson, „Jón Árnason and Gríshildur the good. How the editor changed one woman’s narrative about another woman“, *Gripla* 33/2022, 447–478.

⁴ Í umfjöllun sinni um íslenskar bókmenntir 1550–1750 talar Böðvar Guðmundsson um „alþýðleg afþreyingarrit“ sem nýja bókmenntagrein, sjá Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar. Bókmenntir 1550–1750“, *Íslensk bókmenntasaga II*, ritstjóri Vésteinn Ólason, Reykjavík: Mál og menning, 1993, 379–519, hér bls. 517.

⁵ Sjá Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar. Bókmenntir 1550–1750“, bls. 518. Fjöldi erlendra þýðinga (mest trúfræðirit) voru prentaðar hér á landi í lok 16. aldar og á 17. öld. Sjá Halldór Hermannsson, *Icelandic Books of the Sixteenth Century*. *Islandica IX*, Ithaca, NY: Cornell University Library, 1916 og Halldór Hermannsson, *Icelandic Books of the Seventeenth Century*, *Islandica XIV*, Ithaca NY: Cornell University Press, 1922. Veraldlegar þýðingar erlendra bókmennta voru gefnar út hér á landi allt frá 18. öld af Hólaprentsmiðju og prentsmiðjunni í Hrappsey á Breiðafirði. Engin almúgabók er þar á meðal.

⁶ Stutt yfirlit er gefið í Kurt Schier, *Märchen aus Island*, Köln: Eugen Diederichs Verlag, 1983, bls. 248–249.

⁷ Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar. Bókmenntir 1550–1750“, bls. 518.

Saga af fjórum kaupmönnum í evrópskri hefð

Söguefnið um kaupmennina og konuna ærlegu er útbreitt um Evrópu og svipað þema er að finna í gömlu sagnaefni víða að, til dæmis í grísku þjóðkvæði og skosku, auk þess sem áþekkt framvinda einkennir söguna um Jósep í *Bibliunni* þar sem söguhetjan er þó karl en ekki kona (Mósebók 37–45).⁸ Það er því ljóst að söguefnið hefur verið í umferð í mismunandi formi löngu fyrir tíma prentlistarinnar. Aðalheimkynni sögunnar munu lengst af hafa verið í Mið-Evrópu þar sem útbreiðsla hennar var hvað þéttust. Allt frá elstu gerðum og fram til yngri prentbóka hefur sagan ýmist verið kennd við tvo kaupmenn eða fjóra, sem er algengara.

Meðal höfunda sem nýttu sér grunnþætti sögunnar í sagnasköpun sinni má nefna þá Ruprecht von Würzburg (uppi á 13.–14. öld) sem orti listævintýri sitt *Zwei Kaufmänner und die treue Hausfrau* (*Von zwein koufmannen*) í bundnu máli á miðháþýsku í byrjun 14. aldar, Giovanni Boccaccio sem endursagði söguna í *Decameron* (*Dec.* 2.9), einnig á 14. öld, og William Shakespeare (1564–1616) sem studdist enn við sama efni í verki sínu *The Tragedie of Cymbeline* (eða *Cymbeline, King of Britain*) frá byrjun 17. aldar. Elstu hliðstæður þessara þekktu frásagna eru hins vegar þrír franskir rómanar, *Roman du Comte de Poitiers* frá upphafi 13. aldar, *Roman de la Violette* (sbr. einnig *Gerard de Nevers*) eftir Gibert af Montreuil (uppi á 13. öld) frá árinu 1225 og *Roman dou roi Flore et de la Belle Jehanne* frá síðari hluta 13. aldar.⁹ Þessir þrír gömlu rómanar gætu allir hafa haft áhrif á hinar þekktari sögur, sér í lagi sögur þeirra von Würzburg og Boccaccios, þar sem söguþráðurinn er þó í heild sinni líkari *Sögu af fjórum kaupmönnum*.

Vanalega er talið að Boccaccio hafi haft áhrif á útbreiðslu efnisins og yfirleitt er *Cymbeline*, verk Shakespeares, rakið til Boccaccios annars vegar og prentaðra almúgabóka hins vegar.¹⁰ *Cymbeline* var þýdd yfir á íslensku af Helga Hálfðanar-

⁸ R. Paulli, „Tvende Købmænd“, *Danske Folkeboeger fra 16. og 17. aarhundrede IX*, København: Gyldendalske boghandel – Nordisk forlag, 1923, bls. lvii–lxxxii, hér bls. lxi–lxviii. Talið er að rætur sögunnar gætu jafnvel hafa legið í austri, til dæmis í Babýlon eða Persíu, enda gerist sagan að hluta til á þessum slóðum, sbr. sömu heimild, bls. lxiii, lxxvii. Um forna, gríska hliðstæðu og minni úr *Bibliunni*, sjá William Robins, „Intertextuality and Romance in the Novella of Bernabò and Zinevra (*Decameron* 2.9)“, *Heliotropia* 14, 2017, bls. 141–156, hér bls. 148–154.

⁹ William Robins, „Intertextuality and Romance in the Novella of Bernabò and Zinevra (*Decameron* 2.9)“, bls. 144; Þórhallur Þorgilsson, *Drög að skrá um ritverk á íslensku að fornu og nýju af latneskum eða rómönskum uppruna*, II Ítalía, Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1958, bls. 17.

¹⁰ Sjá Israel Gollancz, „Preface“, *Shakespeare's Tragedy of Cymbeline*, London: J. M. Dent, 1907, bls. v–xiii; sjá enn fremur: William Flint Thrall, „„Cymbeline,“ Boccaccio, and the

syni (1911–2009) sem Simlir konungur.¹¹ Söguefnið nýtur vinsælda enn þann dag í dag, enda eru leikrit Shakespeares reglulega færð upp, og þess má geta að Gauti Kristmannsson fjallaði sérstaklega um uppfærslu Royal Shakespeare Company á þessu verki frá 2016.¹² Árið 2014 var gerð kvikmynd eftir sögunni, *Cymbeline*, sem segir frá samtímalegum atburðum og er sviðsett í New York. Hjá Shakespeare heitir kvenhetjan Imogen en hjá Boccaccio heitir hún Zinevra. *Decameron* Boccaccios var þýdd yfir á íslensku af Erlingi E. Halldórssyni (1930–2011) sem *Tíðegra*. Í þýðingu Erlings er það sagnakonan Fílomena sem segir frá og hefur hún frásögn sína á þessum orðum: „Það er algengur orðskviður meðal almennings að hinn svikni yfirstígi svikarann“, en með því upplýsir hún áheyrendur sína um efni sögunnar – og jafnvel boðskap – þegar í upphafi.¹³

Auk þess að vera ýmist kennd við tvo kaupmenn eða fjóra hefur sagan gengið undir ólíkum heitum á borð við „Söguna um veðmálið“ (e. *The Wager Story*), „Söguna um Frederick af Jennen“, „Söguna um Zinevru“ og fleiri.¹⁴ Ljóst er að þróunin allt frá miðöldum og yfir í þá almúgabók sem hér um ræðir er löng og að varðveittar gerðir eru margar. Almennt er talið að almúgabókin (D, í mismunandi tilbrigðum) standi sögu Boccaccios (B) og annarri ítalskri sögu eftir ónafngreindan höfund frá 14. öld (A) einna næst.¹⁵ Með samanburðarrannsóknnum hefur þó verið sýnt fram á að D standi mun nær B, ef frá eru talin einstök atriði sem standa nær A. Þetta er þó ekki alveg svo einfalt því að í D finnast einnig atriði sem stinga í stúf við báðar ítölsku sögurnar. Það þykir því ljóst að hvorug þeirra muni vera bein fyrirmynd almúgabókarinnar.¹⁶

Nokkrir fræðimenn hafa rannsakað efni hinna þriggja gerða sérstaklega. Gaston Paris (1839–1903), einn fremsti rannsakandi á sviði samanburðarbókmenntafræði um árabíl, taldi þær eiga sér sameiginlegt, glatað forrit og að þróunin væri þannig:¹⁷

Wager Story in England“, *Studies in Philology* 28/4, 1931, bls. 639–651.

¹¹ William Shakespeare, *Leikrit VII*, Reykjavík: Mál og menning, 1991, bls. 354–472.

¹² Gauti Kristmannsson, „Simli konungur eða Simla drottning“, *Hugrás* 18. nóvember 2016, án bls. Í grein Gauta má lesa um söguþráð leikritsins sem er nokkuð flóknari en almúgabókin.

¹³ Giovanni Boccaccio, *Tíðegra*, þýðandi Erlingur E. Halldórsson, Reykjavík: Mál og menning, 1999, bls. 162.

¹⁴ Sbr. einnig „The Wager on the Wife’s Chastity“, sjá Gaston Paris, „Le Cycle de la *Gageure*“, *Romania* XXXII, 1903, bls. 481–551, hér bls. 500–515.

¹⁵ R. Paulli, „Tvende Købmænd“, bls. lxix.

¹⁶ Gaston Paris, „Le Cycle de la *Gageure*“, bls. 507–508.

¹⁷ Sama heimild, bls. 508; R. Paulli, „Tvende Købmænd“, bls. lxx–lxxi.

Töpuð frumgerð, líklega ítölsk, frá lokum 13. aldar

/	\
Ítölsk gerð frá 14. öld (A)	Glataður milliliður
	/ \
	Boccaccio (B) Almúgbókin (D)

Þótt ýmislegt sé á reiki um upphaf almúgabókargerðarinnar fallast flestir á þau rök að til séu þrjár megingerðir (A, B og D). Kurt Mechel (uppi á 20. öld), sem skrifaði doktorsritgerð um söguefnið í þýskri endursköpun, bætti því við fyrri rannsóknir að milliliðurinn muni hafa verið franskur en niðurstöður hans hafa þó verið gagnrýndar.¹⁸ Á hinn bóginn fara línurnar nú heldur að skýrast hvað varðar söguefni almúgabókarinnar (D) og útbreiðslu hennar í Þýskalandi en þar eru til nokkrar prentaðar útgáfur þegar á 15. öld.

Fyrsta ársetta útgáfan var prentuð í Leipzig árið 1495 en af annarri, nokkuð eldri, má ráða af ártölum í sögulok að hafi verið prentuð 1484 – og er hún talin elst þýsku útgáfnanna. Á 15. öld var sagan enn fremur þrykkt í Nürnberg og Magdeburg. Ekki hafa fundist háþýskar útgáfur frá 16. öld en minnst fjórar frá 17. öld. Athygli vekur að tvær af þessum 17. aldar háþýsku útgáfum hafa titil þar sem aðeins er getið um tvo kaupmenn, rétt eins og í miðaldasögu von Würzburg (*Zwei Kaufmänner und die treue Hausfrau*). Það merkilega er að í lágbýskum útgáfum er þessu öfugt farið; elsta lágbýska útgáfan, prentuð í Lübeck um eða upp úr 1490, hefur einungis tvo kaupmenn í titli sínum en útgáfa prentuð í Hamborg 1510/1520 hefur aftur á móti fjóra kaupmenn í sínum titli. Þetta tilbrigði við titilinn, þar sem tveggja kaupmanna er getið í stað fjögurra, ræðst af því að sagan fjallar í raun aðeins um tvo af þeim fjóru kaupmönnum sem kynntir eru til hennar í upphafi. Á miðhollensku var söguefnið gefið út í Antwerpen um það bil 1518 undir heitinu *Van heer Frederick van Jenuen in Lombaerdien* og er hún komin af útgáfunni frá því um 1490. Þótt sagan sé nú kennd við Frederick af Jennen er þetta engu að síður sama sagan og áður, það er að segja *Saga um fjóra kaupmenn*, og þykir hún vera náskyld sögu Boccaccios.¹⁹

¹⁸ Kurt Mechel, *Die "Historie von vier Kaufmännern" und deren dramatische Bearbeitungen in der deutschen Literatur des XVI. und XVII. Jahrhunderts*, Halle, 1914, bls. 2; R. Paulli, „Tvende Købmænd“, bls. lxxi–lxxii. Mechel var fæddur árið 1890 en um dánarár er ekki vitað.

¹⁹ R. Paulli, „Tvende Købmænd“, bls. lxxvii–lxxix; William Flint Thrall, „Cymbeline“, Boccaccio, and the Wager Story in England“, bls. 640. Leipzigútgáfan frá 1495 var gefin út af Gregor Böttinger; útgáfan frá Lübeck var gefin út af Matthäus Brandis, annað hvort um eða upp úr 1490 eða jafnvel 1493; Hamborgarútgáfan frá 1510/1520 var gefin út af Hans Borchard; miðhollenska útgáfan frá því um 1518 var gefin út af Jan van

Dönsk þýðing sögunnar var prentuð árið 1599 undir titlinum „En skøn Historie / Om tuende Kiøbmend / oc om en ærlig oc dydelig Quinde. Oc huorledis det gick den ene Kiøbmands Hustru vdi hans frauærelse / Oc huad falsk oc suig dem baade vederfarit er“.²⁰ Lengi vel var talið að forrit þýðingarinnar gæti hafa verið Hamborgarútgáfan, en samkvæmt Richard Jakob Paulli (1890–1975) eru ennþá meiri líkindi með dönsku þýðingunni og útgáfunni frá Lübeck, auk þess sem danska þýðingin hefur aðeins tvo kaupmenn í titli sínum, rétt eins og hún. Ýmis lesbrigði standa þó nær Hamborgarútgáfunni, enda komst Paulli að þeirri niðurstöðu að hvorugur þessara texta hefði verið forrit dönsku þýðingarinnar heldur hljóti forritið annaðhvort að vera sameiginlegt forrit beggja lágþýsku textanna eða texti sem var unninn eftir þeim báðum.²¹ Athygli vekur að danska þýðingin leit ekki dagsins ljós fyrr en rúmri öld eftir að þýsku bækurnar voru fyrst prentaðar.

Ekki ríkir full víska um hvort danska þýðingin frá 1599 sé sú upprunalegasta á þeirri tungu eða hvort til hafi verið örlítið eldri, nú glötuð þýðing eða jafnvel útgáfa. Hvernig sem því var háttað telur Paulli að þýðandanum hafi tekist vel upp.²² Fyrir þýðingunni er formáli með kristilegri útlekkingu textans og er hann væntanlega skrifaður í þeim tilgangi að boðskapur sögunnar fari ekki fram hjá þeim sem lesa og á hlýða. Formálinn hljóðar svo:²³

Til Læseren.

REttelig i denne Historj læris dig /
 At Verden er fuld aff falsk oc suig /
 Som hun haffuer været aff Arilds tid /
 Mand tør ey søge effter beuisning vid.
 Vær derfor Gudfryctig / bed Gud ude oc inde /
 Som du her lærer aff denne Quinde.
 Hand hielper dig for sin Barmhiertighed /
 At du offueruinder Bedragerens suigactighed.
 Nu ville wi alle paakalde Gud vor HERRE /

Doesborgh.

²⁰ Sagan er einnig þekkt sem Historie om tvende Købmænd. Sjá: *En skøn Historie ...*, Kiøbenhaffin: Hans Stockelman, 1599.

²¹ R. Paulli, „Tvende Købmænd“, bls. lxxx.

²² Sama heimild, bls. lxxx–lxxxi.

²³ „Text“, *Danske Folkeboeger fra 16. og 17. aarhundrede IX*, útgefendur J.P. Jacobsen, Jørgen Olrik og R. Paulli, København: Gyldendalske boghandel – Nordisk forlag, 1923, bls. 1–245, hér bls. 158.

Saa hand vil vor Beskermere være.
 Det ynske oc begære wi Christne allesammen /
 Nu oc altid Euindelige / Amen.

Í formálanum er lögð áhersla á að saga konunnar sé einkum sögð til þess að aðrir geti lært af henni. Það er því ljóst að danska þýðingin var að einhverju leyti hugsuð sem mótunarfrásögn en að auki hefur hún væntanlega átt að skemmta lesendum sínum og áheyrendum, eins og algengt var með almúgabækur.

Lítið hefur verið fjallað um dönsku þýðinguna en veigamestu rannsóknina er að finna í formála Paulli í 9. bindi *Danske Folkebøger* (DF) frá árinu 1923, þar sem textinn frá 1599 er endurprentaður. Áður hafði Rasmus Nyerup (1759–1829) tekið hana upp í rit sitt *Almindelig Morskabslæsning i Danmark og Norge igjennem Aarhundreder* og fellt undir 4. flokk: „Intrigueromaner“ (sögur sem markast af undirferli eða svikum). Í formála sínum fjallar Nyerup lítilega um söguna en aðallega þó með því að rekja söguþráðinn.²⁴ Þá greinir Hubert Seelow frá helstu staðreyndum um varðveislu sögunnar í riti sínu *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher*. Úr dönsku var sagan þýdd yfir á sænsku og væntanlega einnig íslensku, eins og nánar verður vikið að hér að aftan.

Varðveisla efnisins á Íslandi

Saga um fjóra kaupmenn naut vinselda á Íslandi allt frá 17. öld. Varðveitt eru fjögur pappírshandrit sem hafa að geyma prósaþýðingu almúgabókarinnar, auk þriggja rímna (eða hluta af þeim) og kvæðisins *Kaupmannabrag*s. Uppskriftir prósatextanna eru í handritum frá 18. og 19. öld en af rímunum og kvæðinu má sjá að efnið muni hafa borist hingað til lands ekki seinna en á síðari hluta 17. aldar. Þótt til sé vitnisburður um að kveðskapur af sömu rótum hafi verið kunnur á Íslandi þegar á 16. öld er ljóst að Árni Magnússon (1663–1730) þekkti ekki til sögunnar hér á landi.²⁵ Á seðli, innbundnum í AM 576 b 4to, sem hefur að geyma *Ambrósíus sögu og Rósamundu*, telur Árni vera líkindi með þeirri sögu og „því æfintíre um 4. kaupmenn, sem til er þryckt i Dönsku“.²⁶ Varðveittar gerðir hinnar íslensku þýðingar, sem gæti þá verið frá því um eða eftir miðja 17. öld, hafa enn ekki verið

²⁴ Rasmus Nyerup, *Almindelig Morskabslæsning i Danmark og Norge igjennem Aarhundreder*, Kjøbenhavn: Brødrene Thiele, 1816, bls. 171–173.

²⁵ Fræðimaðurinn Sir Israel Gollancz (1863–1930) hélt því fram að kvæði um efni sögunnar („ballads and rhyme“) hefðu verið í umferð á Íslandi á 16. öld og að sjálfur ætti hann í förum sínum uppskriftir af nokkrum slíkum gerðum. Sjá Israel Gollancz, „Preface“, bls. x.

²⁶ Hubert Seelow, *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher*, bls. 193.

gefnar út á prenti en höfundur þessarar greinar hefur í hyggju að bæta úr því. Varðveitt textavitni eru eftirfarandi.

1. Prósatextar:

a-gerð) ÍB 184 4to er pappírshandrit, skrifað á bilinu 1775 til 1799.²⁷ Það hefur að geyma fjórtán sögur og þar á meðal *Sögu af fjórum kaupmönnum* undir titlinum: „Historia umm fjóra Kaupmenn og eína Erlega Kvinnu“ (bl. 53r–60v). Sagan er skrifuð af fjórum skrifurum. Samanburður textans við dönsku söguna gæti bent til þess að hér sé um frjálslega þýðingu að ræða, en athygli vekur að í titli íslensku sögunnar er getið um fjóra kaupmenn en ekki tvo eins og í þeirri dönsku. Þótt ýmsu beri í raun á milli eru líkindi ÍB 184 4to við dönsku söguna það mikil að hægt er að útiloka þann möguleika að hann sé sprottinn af annaðhvort rím-unum eða kvæðinu.²⁸ Kaflarnir eru nítján talsins. Kaflaskil eru að mestu leyti þau sömu og í dönsku þýðingunni en kaflafyrirsagnir eru styttrar og í nokkrum tilvikum er þeim sleppt.

Í umfjöllun sinni um handritið telur Seelow að texti ÍB 184 4to muni ekki vera hin íslenska frumþýðing heldur hljóti að hafa verið til eldri, nú glataðar uppskriftir og þar á meðal frumþýðingin sjálf. Ekki er vitað með vissu hvaða útgáfa hefur legið frumþýðingunni að baki en danska almúgasagan var prentuð alls tólf sinnum.²⁹

b-gerð) Annað pappírshandrit er JS 251 4to frá 1700–99.³⁰ „Eitt ævinntýr edur frásaga af 4^m kaupmönnum“ (bl. 105r–110v) er sjötta saga þess af nítján textum alls. Handritið er samtíningur og á því eru ýmsar hendur en sagan sjálf er skrifuð með einni rithönd. Ragnheiður Finnsdóttir (1816–1907) átti bókina árið 1855 þegar hún var bundin inn í nýtt band. Rétt eins og texti ÍB 184 4to getur titillinn um fjóra kaupmenn en ekki tvo. Texti JS 251 4to er á heildina séð samhljóða dönsku þýðingunni en þó að mörgu leyti ólíkur a- og c-gerð. Textinn er án kaflaskila en hefur örfá greinaskil þó, án fyrirsagna, og hefur verið stytur sem nokkru nemur. Aftan við uppskriftina er þessi vísa: „Sä sem hljddde soguna ä, / settann vite mäta, / lesarinn vill launinn fä, / luftu skulu hinær jätta“ (bl. 110v). Aðra uppskrift b-gerðar er að finna í Lbs 5180 8vo frá 1867 undir sambærilegri

²⁷ Sjá handrit.is; Páll E. Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins II*, Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1927, bls. 774.

²⁸ Hubert Seelow, *Die islandischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher*, bls. 194.

²⁹ Sama heimild, bls. 194–195; „Text“, bls. 256–262.

³⁰ Sjá handrit.is.

fyrirsögn: „Eitt ævintýri eða frásaga af fjórum kaupmönnum“.³¹ Sagan er þriðji og síðasti texti handritsins sem inniheldur einnig tvennar rímur. Handritið, sem er ótölusett að hluta, er skrifað af Einari Magnússyni og hefur sömu vísu í sögu-
lok.³²

c-gerð) Lbs 672 4to var skrifað af Þorsteini Þorsteinssyni (1792–1863) á Heiði í Sléttuhlíð á árunum 1829–40.³³ „Saga af fjórum Kaup mönnum“ (bl. 31r–37r) er sú síðasta af átján sögum. Talsverð líkindi eru með textanum hér og í hinum gerðunum tveimur, a- og b-gerð, en þó ber einnig það margt í milli að óhugsandi er að uppskriftn sé hreint afrit af öðrum hvorum þeirra; annað hvort gæti hann átt rætur að rekja til a- eða b-gerðar (með glötuðum millilið, jafnvel fleiri en einum) eða þá verið sjálfstæð þýðing almúgabókarinnar. Eins og hinar gerðirnar tvær fylgir textinn dönsku þýðingunni efnislega, en liggur henni þó jafnframt fjær en þær. Í c-gerð eru engin kaflaskil og einungis ein greinaskil við lok sögunnar.³⁴

2. Rímur:

Til eru þrennar rímur, allar óútfagnar, um sama efni:

a) Rímur sem ortar voru ekki síðar en 1680 fylgja sögu almúgabókarinnar fremur vel en í þær vantar nokkuð. Varðveittur er 1. hluti 1. rímu, 1. hluti 4. rímu, 5. og 6. ríma og byrjun mansöngs 7. rímu. Rímurnar eru skrifaðar upp í AM 152 8vo frá því um 1680. Handritið hefur að geyma rímnna- og kvæðabrot en er bæði óheilt og illa farið. Yngri uppskrift, einnig óheila, er að finna í Lbs 4189 4to frá um 1890.³⁵

b) Mun yngri rímur um sama efni eru *Rímur af Friðriki landsstjórnara* frá 1813, ortar af sr. Jóni Hjaltalín (1749–1835) og er nafn hans bundið í niðurlagi. Rímurnar eru varðveittar í sex handritum: Lbs 2901 8vo frá 19. öld, Lbs 440 8vo frá 1814, Lbs 248 8vo frá 1826, Lbs 5262 8vo frá 1855, Lbs 5196 4to frá 1867–1869 og Lbs 4941 IV 8vo frá síðari hluta 19. aldar. Rímurnar eru sex að tölu og sam-

³¹ Sjá handrit.is.

³² Ekki er vitað hver Einar var en miðað við vel þjálfaða rithönd hans hlýtur hann að vera faðdur fyrir miðja öldina.

³³ Sjá handrit.is; Páll E. Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins I*, Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1918, bls. 304.

³⁴ Hubert Seelow, *Die islandischen Übersetzungen der deutschen Wölksbücher*, bls. 194–195.

³⁵ Sjá handrit.is; *Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling II*, útg. Kommissionen for det Arnamagnæanske legat, København: Gyldendalske boghandel, 1894, bls. 418; Grímur S. Helgason og Lárus H. Blöndal, *Handritasöfn Landsbókasafns III*. aukabindi, Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1970, bls. 111; Hubert Seelow, *Die islandischen Übersetzungen der deutschen Wölksbücher*, bls. 195.

kvæmt Seelow halda þær sögupræði almúgabókarinnar.³⁶ Það vekur engu að síður athygli að fyrirsögnin snýst nú um Friðrik en ekki kaupmennina fjóra, sem minnir á miðhollensku almúgabókina, eða „Söguna um Frederick af Jennen“.

c) Þriðju rímurnar um sama efni voru ortar af Sigurði Breiðfjörð (1798–1846) árið 1838 fyrir Sigríði Schiöth (1806–1893).³⁷ Þær eru fimm talsins og bera heitið *Rímur af Friðriki landsstjórnara*. Rímurnar eru varðveittar í tíu handritum: Lbs 1472 8vo III frá 19. öld, Lbs 1244 4to frá því um 1840 (eiginhandarrit höfundar), Lbs 1132 8vo frá því um 1860, ÍBR 118 8vo frá 1871, Lbs 1042 8vo frá 1887, Lbs 2332 4to frá 1889–92, Lbs 3378 8vo frá síðari hluta 19. aldar, SÁM 91 frá síðari hluta 19. aldar, Lbs 3240 8vo frá 19.–20. öld og Lbs 4189 4to frá 1904.³⁸ Rímurnar eru kenndar við Friðrik, rétt eins og rímur Jóns Hjaltalíns.

3. Kaupmannabragur:

Kaupmannabragur er langt kvæði sem hefst á orðunum *Skáldin forðum skemmtu sér með fræði*. Kvæðið er varðveitt í fjölda uppskrifta og er mislangt, ýmist undir eða yfir 100 erindum. Elsta uppskriftin – Sth papp 8vo nr. 21 – er frá síðari hluta 17. aldar.³⁹ Annað gamalt handrit er Lbs 2676 4to sem var skrifað á bilinu 1699–1716. Höfundur kvæðisins er ókunnur en þó hefur Guðmundur skáld Bergþórsson (1657–1705) verið nefndur í þessu samhengi.⁴⁰ Kvæðið er óútgefið.

Þar sem einungis fjögur handrit eru nú varðveitt af íslenskri þýðingu sögunnar – og einu rímurnar sem eru eldri en lausamálgerðirnar eru óútgefnar og órannsakaðar – er ótímabært að velta fyrir sér nánara varðveislufæri en hér er gert. Þótt líklegt sé að samanburður prósans við elstu rímur gæti gefið okkur fyllri mynd af ferðum sögunnar og ummyndanaferli hennar á Íslandi er það ekki sjálf-

³⁶ handrit.is; Lárus H. Blöndal, *Handritasafn Landsbókasafns* II. aukabindi, Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1959, bls. 101; Finnur Sigmundsson, *Rímnatal* I–II, Reykjavík: Rímnafélagið, 1966, bls. 150–151.

³⁷ Samkvæmt isendingabok.is hét hún Karen Sigríður Ólafsdóttir. Eftir að hún giftist Knud Schiöth (1805–1847) var hún betur þekkt sem Sigríður Schiöth á Munaðarhóli á Snæfellsnesi.

³⁸ Sjá handrit.is; Finnur Sigmundsson, *Rímnatal* I–II, bls. 151; Grímur S. Helgason og Lárus H. Blöndal, *Handritasafn Landsbókasafns* III. aukabindi, bls. 111. Um mansöng rímnanna, sjá Arndís Hulda Auðunsdóttir, „Lítill sköpun þroska nær“. Rannsókn á mansöngvum Sigurðar Breiðfjörð“, MA-ritgerð í þjóðfræði, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2015, bls. 158.

³⁹ V. Gödel, *Katalog öfver Kongl. bibliotekets fornisländska och fornorska handskrifter*, Stockholm 1897–1900, bls. 385.

⁴⁰ Sjá handrit.is; Þórhallur Þorgilsson, *Drög að skrá um ritverk á íslenzku að fornu og nýju af latneskum eða rómönskum uppruna* II Ítalía, bls. 17.

gefið og ekki er gott að segja til um niðurstöður samanburðar á efninu öllu, eða sagnagerðum, rímum og kvæði. Öll sú vinna bíður betri tíma.

Sögusvið og -tími

Samkvæmt upphafi og endi sögunnar á fundur kaupmannanna sér stað árið 1424. Í dönsku gerðinni er getið um þann tíma sem leið frá þessum upphafstíma – eða síðan Ambrósíus kaupmaður var uppi – og fram að útgáfu sögunnar, en þar segir:⁴¹

Denne Histoies begyndelse er skeed (som tilforn er omtalet,) udi det Aar der mand screff effter Christi fødsel / Tusind / Fire hundredt / fire oc tiuffue / Oc det er nu fra den tid 173. Aar / siden denne Kiøbmand Ambrosius leffuede ...

Hið sama gildir um fleiri gerðir, enda hafa fræðimenn tímasett mismunandi útgáfur sögunnar eftir þeim árum sem eiga að vera liðin frá því að Ambrósíus lifði, en sá árafjöldi er breytilegur í hinum mismunandi útgáfum sögunnar. Samkvæmt þessu fáum við út ártalið 1597 í dönsku gerðinni en elsta þekkta útgáfa hennar er frá 1599 – og mætti skýra það með ýmsu móti.⁴² Í a-gerð íslensku sögunnar eru einungis talin „20. ár síðann þesse kaupmadr Ambrosius hefr lifað“.⁴³ Þessi munur skýtur nokkuð skökku við þar sem a-gerð, líkt og aðrar íslenskar gerðir, er að öllum líkindum mun yngri en sú danska (texti ÍB 184 4to er frá síðari hluta 18. aldar en samkvæmt ártali í lokin (1424 + 20) ætti hann að vera frá 1444). Þetta verður að teljast útilokað, það er að sagan hafi upphaflega verið þýdd yfir á íslensku einungis 20 árum eftir að hún átti að hafa gerst og að sú þýðing reyndist svo vera náskyld danskri þýðingu frá 1599 sem var þýdd eftir þýskri fyrirmynd. Ártalið í lok a-gerðarinnar íslensku er því án efa villa og þótt ef til vill megi hugsa sér að þarna hafi átt að standa 220 ár (= 1644) er erfitt að fullyrða nokkuð um það. Í b-gerð, JS 251 4to og Lbs 5180 8vo, er ekki getið um þann árafjölda sem Ambrósíus átti að hafa lifað með konu sinni en í upphafi sögu segir að atburðirnir hafi átt sér stað árið 444. Í c-gerð er heldur ekki getið um þann árafjölda sem liðinn er, heldur segir þar: „Ambrosius lifdi 40 ár med sinni kvinnu og andadist sama árs“.⁴⁴ Í þeim kvæðahandritum sem athuguð voru af handahófi (af rímum og kvæðinu *Kaupmannabrag*) er ekki getið um árafjölda

⁴¹ „Text“, bls. 185.

⁴² R. Paulli, „Tvende Købmænd“, bls. lxxx.

⁴³ ÍB 184 4to, bl. 60v.

⁴⁴ Lbs 672 4to, bl. 37r.

frá dauða Ambrósíusar í lokin.

Þótt íslensku textarnir skeri sig vissulega frá dönsku þýðingunni hvað þetta varðar nægir þessi munur varla til þess að véfengja ályktun Seelows sem telur að hin upphaflega íslenska þýðing sögunnar hafi að mestu leyti verið unnin upp úr dönsku þýðingunni.⁴⁵ Hér ber að hafa í huga að Seelow var einungis kunnugt um tvö handrit sögunnar (það er a- og c-gerðar) en ekki fjögur.

Örnefni eru nokkuð breytileg í hinum mismunandi gerðum en að jafnaði á fundur fjórmenninganna sér stað í París (Frakklandi) en eftir það berast leikar til Genúa á Ítalíu. Gömul kona, vinkona kaupmannsfrúarinnar, segist ætla í pílagrímsferð til kirkju heilags Jakobs, en með því er vísað í Jakobsveginn á Spáni. Eftir svikin þvælist eiginkonan til Babýlon (nú Írak), þar sem aðsetur konungs er í Sior (ef til vill Syria > nú Sýrland). Þar í grennd virðist vera borgin Alberi/Alcora/Ælcho (sbr. Alkier í dönsku þýðingunni, sem gæti átt við um Algeirsborg (dan. *Algier*)).

Hin ærlega kvinna skilar skömminni

Saga af fjórum kaupmönnum ber keim af riddarabókmenntum miðalda. Hún gerist á svipuðum slóðum í suðri og austri og einkennist af sambærilegum hugmyndaheimi. Á sama tíma ber hún þess þó vissulega merki að vera yngri en riddarasögurnar, enda eiga atburðir þeir sem frá er sagt að gerast nokkru síðar, eða á 15. öld. Siðferðisleg gildi eru því að hluta til ný, eins og nánar verður vikið að. Í sögunni má að auki greina ævintýraminni, til dæmis þar sem maður blekkir hús-bónða sinn og sýnir honum tungu úr dýri til vitnisburðar um að aftaka hafi átt sér stað úti í skógi (sbr. ævintýrið um Mjallhvíti).

Augljóst er að einstaka efnisþættir sögunnar hafa tekið breytingum í aldanna rás, allt frá elstu gerðum. Meginbreytingin frá gömlum þekktum útgáfum felst í samþjöppun og þar með breytingu á ýmiss konar útfærsluatriðum sem geta þó auðveldlega haft áhrif á merkingu sögunnar og bókmenntalegt gildi. En um hvað fjallar sagan? Þótt hún hafi að öllum líkindum verið ætluð til afþreyingar og skemmtunar fer það varla fram hjá neinum að hún hefur að geyma boðskap til lesenda sinna og áheyrenda, eins og nú verður vikið að. Það má því ætla að hún hafi átt erindi til fólks, bæði karla og kvenna, í margar aldir, hvort sem er í lengra formi eða styttra.

Í upphafi sögu segir af fjórum kaupmönnum, þeim Konráði frá Spáni, Bokharði frá Frankaríki, Jóhanni frá Flórens og Ambrósíusi frá Genúa, sem hitt-

⁴⁵ ÍB 184 4to og Lbs 672 4to: Hubert Seelow, *Die islandischen Übersetzungen der deutschen Wölk-bücher*, bls. 194.

ast í föstuinngangi ársins 1424 á gistihúsi í París. Einn þeirra, Bokkharður af Frankaríki, stingur upp á því að þeir borði saman, drekki og skemmti sér, enda sé sá árstími að slíkt sé við hæfi. Eftir góða skemmtun fara kumpánarnir upp á herbergi þar sem þeir taka spjall saman um meinta lesti og ótryggð eiginkvenna sinna sem þeir telja að búi við vellystingar heima á meðan þeir ferðist á milli staða og leggi líf sitt að veði fyrir varning sinn. Í eldri gerðum, til að mynda hjá Boccaccio, eru þessar samræður mun umfangsmeiri en síðar varð og fela í sér sannfæringu kaupmannanna um yfirburði eigin kyns gagnvart konum.

Þegar þrír kaupmannanna hafa hitað sig upp og tekist að sannfæra sjálfa sig og aðra um undirferli eiginkvenna sinna stingur einn þeirra, Jóhann af Flórens, upp á því að þeir kumpánar fái sér hver sína fylgikonu til að hvíla hjá, og að konum þeirra þurfi aldrei að berast nokkur spurn af því, jafnvel þótt þær séu „án efa“ sekar um sambærileg brot sjálfar. Þessu reynist Ambrósíus frá Genúa ósammála, enda andmælir hann stallbræðrum sínum og heldur fram sakleysi eiginkonu sinnar sem hann segir að sé „dægileg“ og fróm (ágæt og heiðvirð). Jóhann, sem dregur orð hans stórlega í efa, telur sig ekki eiga í nokkrum vanda með að draga konu hans á talar og stofnar til veðmáls sem Ambrósíus tekur þátt í. Jóhann ferðast nú til Genúa en þegar fyrirætlanir hans ganga ekki eftir beitir hann bæði Ambrósíus og konu hans rangindum sem enda með því að Ambrósíus tekur lögin í eigin hendur og kveður upp dauðadóm yfir eiginkonu sinni, saklausri.

Kona Ambrósíusar, ranglega sökuð um framhjáhald, neyðist nú til að flýja heimaland sitt og dulbýr hún sig þá sem karlmann og nefnir sig Friðrik. Tímabil umbreytingarinnar einkennist af ytra dulargervi konunnar, eins og karlmannsklæðum og karlmannlegri iðju á borð við fálkatamningu, riddaraskap, stjórnun hers og lands, auk karlmannsnafnsins. Allan þennan tíma er hvergi getið um kvenleika hennar og enginn efast um hið sviðsetta kynferði. Snemma á ferli sínum gerist Friðrik þjónustumaður konungs og verður hann með tímanum hans traustasti félagi og fulltrúi. Mjög er tíðrætt um kosti konunnar á hinni nýju framabraut. „Hún“ stríddi karlmannlega, barðist ákaflega vel, borgararnir kusu „hana“ til húsbónda og hylltu, og „hún“ ríkti í tólf ár. Þótt orðræðan sé í stórum dráttum karllæg er hlutverk konunnar í karlmannsgervinu fjölbreytt og kallar á mismunandi hæfileika hennar og eiginleika sem einstaklings.

Nafnleysi konunnar fyrir umbreytinguna og svo aftur í lok sögunnar þegar hið sanna kemur í ljós vekur athygli og undirstrikar þennan vendipunkt í lífi hennar – þegar hún umbreytist yfir í klæðskipting og öðlast við það nafn og virðingu. Áheyrundur sögunnar hljóta að hafa áttað sig á þeim skilum sem hér verða á högum konunnar, því að með þessu endar ógæfa hennar og nú

fyrst tekur velthjól gæfunnar að snúast. Það eitt hlýtur að hafa fengið þá sem á hlýddu til að íhuga stöðu kvenna í stærra samhengi og velta því fyrir sér undir hvaða kringumstæðum konur gætu notið veraldlegrar velgengni. Og hvaða áhrif hefðu slík umskipti á samfélagið? Skilaboð sögunnar hvað þetta varðar eru skýr: Greind og siðsöm kona sem klæðist karlmannsfötum fær vinnu sem fálkatemjari, er gerð að riddara konungs og að lokum að höfuðsmanni hans (*var. fógeta*) og landsstjóra. Augljóst er að konan sinnir karlmannshlutverki sínu ekki einungis vel heldur betur en þeir vafasömu kaupmenn sem gagnrýni sögunnar beinist að. Sú samfélagslega umbreyting sem hlýst af velgengni hennar er lítil sem engin og ekki nema jákvæð ef eitthvað er.

Fram að umbreytingunni er kona kaupmannsins metin út frá sjónarhóli karla; hún situr heima, dyggðum prýdd á sama tíma og efast er um trúlyndi hennar. Þar sem hún gengur til kirkju er hún, án þess að hafa nokkurn grun um það, vegin og metin af karlmanni sem fylgist með henni eins og hverri annarri bráð, og segja má að í hinu hefðbundna hlutverki sínu sé hún, sem kona, undir smásjálni þegar sjónum er beint að viðbrögðum hennar. Sem eiginkona er hún í öllum tilvikum metin út frá hinu karllæga augnaráði (*e. male gaze*) og það er ekki fyrir en hún brýst undan þessu hlutverki sínu og klæðaskiptin hafa átt sér stað sem sjónarhornið breytist og konan fær að njóta verðleika sinna sem einstaklingur.⁴⁶ Það má því að vissu leyti líkja stöðu hennar við hlutverk kvenna í íslenskum miðaldabókmenntum og vel má heimfæra orð Helgu Kress upp á hlutverk hennar fyrir umbreytinguna, þar sem hún segir: „Kvenleiki er hlutverk, ímynd, gildi sem karlar hafa þröngvað upp á konur“.⁴⁷ Það eru einmitt slík gildi sem kona kaupmannsins brýst undan og allt sem hún tekur sér fyrir hendur í hinu nýja gervi heppnast vel, framinn er nánast sjálfgefinn og það eina sem hæfileikaríka konu vantar til að vegna vel í lífinu er karlmannsgervi. Með klæðaskiptunum – að minnsta kosti í þessu tilviki – verður konan „til“.

Eftir mikla sigra í karlmannsgervinu snýr konan, nú í sínu rétta gervi, heimleiðis með bónda sínum og gæfan brosir við þeim. Í boðskap sögunnar felst því upphafning konunnar á kostnað hinna breysku karlanna og spjótunum er

⁴⁶ „Hið karllæga augnaráð“ er hugtak sem notað er í kynjafræðilegum rannsóknum um kyngervingu karla á konum og hvernig þeir líta á konur sem kynferðislegt viðfang. Jenny Jochens, sem hefur skrifað um konur í íslenskum miðaldabókmenntum sérstaklega, notar hugtakið yfir það þegar karmenn horfa á konur og meta þær út frá útliti sínu, líkama, hári og klæðnaði. Sjá Jenny Jochens, „Before the male gaze. The absence of the female body in Old Norse“, *Sex in the middle ages. A book of essays*, ritstjóri Joyce E. Salisbury, New York: Garland, 1991, bls. 3–29, hér bls. 3, 22.

⁴⁷ Helga Kress, *Fyrir dyrum föstru. Greinar um konur og kynferði í íslenskum fornþekktum*, Háskóli Íslands: Rannsóknastofa í kvennafræðum, 1996, bls. 135.

beint að stöðu kynjanna. Einn sterkasti þráður hennar felst því vafalítið í hugmyndum um kynferði og hefðbundin hlutverk karla og kvenna, þar sem deilt er á viðhorf karla til kvenna og breytni þeirra gagnvart konum. Að þessu leyti býður sagan upp á samfélagslega samræðu um siðferði og mörk þar sem tekist er á við það meginþema að rétta ímynd konunnar. Sagan býður, með öðrum orðum, upp á lestur með áherslu á kynjahugmyndir og tengingu þeirra við menningu og trúarbrögð. Sérstaklega er áhugavert að líta á hlutverk konunnar sem stendur í fyrstu algerlega utan við valdakerfi samfélagsins og þau samfélagslegu viðmið sem karlmenn hafa skilgreint í þeim tilgangi að hafa undirtökin í samskiptum sínum við konur. Það er því eðlilegt að spyrja hvað það sé sem gerir henni kleift að stíga yfir mörkin og inn á umráðasvið karla.

Um þetta hafa félagsfræðingar á borð Norbert Elias (1897–1990) fjallað en í kenningum sínum um misrétti kynjanna skipaði hann konum í samfélagslegan hóp sem hann taldi að stæði utan við hin viðteknu (og útilokandi) gildi karla-veldisins (e. *outsider* vs. *established*). Hann taldi að það hefði ávallt verið erfitt fyrir konur að öðlast aðgang að umráðasviði karla og að þær sem hefði tekist það hafi þurft að afsala sér kvenleika sínum. Að hans mati liggur leið kvenna inn á umráðasvið karla þó fyrst og fremst í gegnum þá hugarfarsbreytingu sem átti sér stað þegar farið var að líta á konur sem einstaklinga fremur en hóp, sem átti upphaflega einungis við um viðhorf karla til annarra karla.⁴⁸ Í *Sögu af fjórum kaupmönnum* kynnumst við nafnlausri konu sem öðlast nafn og einstaklingseðli við það eitt að klæða sig sem karlmaður – og því var það einmitt í gegnum sögur á borð við þessa sem lesendum fyrri alda gafst kostur á að kynnast kvenhetjum sem einstaklingum. Áheyrndur höfðiu lengi vel vanist á að heyra um karlhetjur hetjubókmenntanna og sigra þeirra yfir andstæðingum sínum en hér er það kona Ambrósíusar sem sigrast á áskorunum lífsins. Í stað þess að vera lítt afgerandi aukapersóna í þroskasögu karlhetju verður hún ráðandi afl í eigin lífi.⁴⁹

Þótt siðaboðskapur sögunnar sé í raun ekki allur á einn veg eru áheyrndur

⁴⁸ Samkvæmt rannsóknnum Elias hafa fulltrúar viðteknu gildanna tilhneigingu til að alhæfa um þá sem standa utan þeirra og eigna þeim eiginleika sem stuðla svo að því að viðhalda ráðandi gildum, sbr. Marta Bucholtz, „Gendered Figurational Strategies in Norbert Elias’s Sociology“, *Polish Sociological Review* 176, 2011, bls. 425–436, hér bls. 429–430, 432, 435.

⁴⁹ Í þessum skilningi má auðveldlega flokka söguna undir formerkjum hinsegin bókmennta. Sjá til dæmis Kay Turner og Pauline Greenhill, „Introduction. Once Upon a Queer Time“, *Transgressive Tales*, ritstjórar Kay Turner og Pauline Greenhill, Detroit: Wayne State University Press, 2012, bls. 1–24, hér bls. 21. Íslenskar rannsóknir á hinsegin bókmenntum hafa einkum snúist um samtímabókmenntir en af þeim má fá nokkurn samanburð, samanber til dæmis Geir Svansson, „Óseglanleg ást. Hinsegin sögur og hinsegin fræði í íslensku samhengi“, *Skírni* 172, 1998, bls. 476–527.

hvattir mjög eindregið til að huga að eigin breytni og betri hegðan gagnvart öðrum. Í rauninni er hér um að ræða félagslega mótun sem snýr að karlmönnum sérstaklega og eru þeir hvattir til að hafa stjórn á sér og kenndum sínum. Í a-gerð sögunnar eru þeir einfaldlega beðnir um að láta það vera að „kreinkia. oc tæla ærlegar Qvinnr oc Júngfrúr, oc þær ad svipta sínum heidre oc æru, oc giöra soddan strákskap sem þesse skállkur Joh(ann) af Florens giörde vid þessa frámu Qvinnu“.⁵⁰ Hér er því beinlínis verið að taka á því sértæka samfélagslega vandaamáli þegar karlmenn saka konur um hegðun eða jafnvel glæp sem þær frömdu ekki; þegar þeir yfirfæra eigin fordóma á konur sem viðfang og hegða sér eftir því, drifnir áfram af löngunum sínum og græðgi. Samkvæmt sögunni eru konur þó hvort tveggja í senn, fórnarlömb karlmanna og þess verðugar að yfirbuga þá með vitsmunum sínum. Boðskapurinn kemur með skýrum hætti fram í sögunni af konu Ambrósíusar sem missti æru sína og endurheimti hana svo daginn sem hún skilaði skömminni. Á meðan hugmyndin um að „skila skömminni“ á vissulega betur heima í jafnréttisumræðu dagsins í dag en í umfjöllun um kynjahlutverk fyrri alda er engu að síður vert að velta því fyrir sér hvaðan hugmyndirnar um kaupmennina fjóra og framkomu þeirra gagnvart konum spretta og hvað hafi kallað á að um þær sé fjallað.

Um óæskilega hegðun og félagslega mótun

Kona Ambrósíusar er ekki upphafin fyrir það eitt að vera kona. Þótt gæfa hennar sé að vísu bundin við karlmannsgervið og umbreytingu hennar úr konu í karl er ljóst að eiginleikar hennar sjálfrar ráða mestu um velgengni hennar. Klæðskiptin gera það að verkum að konan verður í vissum skilningi kynlaus og upp frá því hvorki eiginlegur fulltrúi karla né kvenna. Áhersla er lögð á gjörvileika hennar og gott siðferði og hvernig hún bregst við þeim áskorunum sem hún mætir í raunum sínum. Hún er í einu og öllu fulltrúi heiðarleikans og er, eins og segir í titli sögunnar, „ærleg kvinna“. Svo lengi sem hún leynir kyni sínu fara gæfa hennar og gjörvileiki saman og segja má að hún njóti sín nú fyrst sem einstaklingur en ekki einungis sem fulltrúi hóps.

Átök sögunnar mótast af því að teflt er fram andstæðum eða siðferðislegum gildum sem takast á. Hin siðferðislega ádeila sögunnar einkennist því af dæmigerðum átökum kynja og kynjaímynda, góðs og ills, og síðast en ekki síst heiðarleika og undirferlis, þar sem hið ærlega sigrar að lokum á meðan svikarinn fær makleg málagjöld. Í sögunni er líka víða lögð áhersla á guðrækni og kristilega breytni, en að þessu leyti minnir hún á miðaldaævintýri (*exempla*), eða kristilegar

⁵⁰ ÍB 184 4to, bl. 60v.

dæmisögur. Hvað varðar viðhorf til kristlegs líferniss er persónum sögunnar skipað í tvo hópa; þá sem virða guð sinn og halda trú sína vel og þá sem gefa sig hvötum sínum og græðgi á vald. Aukapersónur geta að sjálfstöðu breytt rétt þótt hvergi sé getið um trúrækni þeirra, en aðalpersónurnar, einkum kona Ambrósíusar og svikarinn Jóhann, takast á innan þessa andstæðukerfis, annars vegar sem ljós hetja og hins vegar dökk.

Þótt Ambrósíus sé breyskur og láti stjórnast af reiði sinni er áhersla lögð á iðrun hans og sálarangist, og er hann í grunninn heiðarlegur maður. Í upphafi, þegar Ambrósíus mótmælir féllögum sínum og neitar að taka sér fylgikonu, segir hann að með slíku framferði bryti hann þá trú sem hann hafi lofað, bæði guði og konu sinni. En þótt Ambrósíus sé því í raun fulltrúi hinna réttlátu, rétt eins og kona hans, er það fyrst og fremst iðrun hans sem veitir honum aðgang að því samfélagi sem hann hafði áður brotið gegn.

Ef við snúum okkur að konu Ambrósíusar, þá er hún að sumu leyti einsleitari persóna en hann. Hún er kirkjurækin og hefur í huga að senda kirkju heilags Jakobs ölmusu, svo að heilagur Jakob megi biðja til guðs fyrir eiginmanni hennar og elskhuga. Með þessum hætti hugsar hún til eiginmanns síns um svipað leyti og hann dæmir hana umhugsunarlaust til dauða fyrir róg. Þegar Jóhann kemur til Genúa byrjar hann á því að leita konuna uppi og rekt á hana fyrst þar sem hún leggur leið sína til kirkju. Á þessum tíma verður honum ljóst að hún muni vera bæði siðlát og kurteis, eins og Ambrósíus hafði reyndar haldið fram, og að hann muni aldrei geta komið fram vilja sínum við hana. Ætli hann sér ekki að tapa veðmálinu verði hann að beita brögðum.

Eftir að eiginkonan hefur verið svikin og tekið sér karlmannsgervi stríðir hún sem herforingi (Friðrik) gegn heiðingjum og fellir, ásamt liði sínu, tvö þúsund manns af þessum óvinum kristinnar og ljóst er að hún framkvæmir hernaðardáðir sínar í þágu trúar sinnar. Heiðurinn er þó ekki hennar, því að tekið er fram að guð hafi hjálpað landinu fyrir hennar hönd (Friðriks). Friðrik, sem tekst að villa á sér heimildir í tólf ár, þakkar þann árangur náðarsamlegri náð og miskunn guðs. Að lokum snúa hjónin heim og búa þar saman eftir guðs vilja og skipan. Hvað sem á dynur er kona Ambrósíusar ekki einungis flekklaus, heldur breytir hún í einu og öllu eins og guðhræddri manneskju ber. Saman mynda þau hjón heiðvirt par, þar sem eiginkonan er guðhrædd og eiginmaðurinn fullur iðrunar. Hið sama verður ekki sagt um kaupmennina þrjá.

Þeir Konráð frá Spáni, Bokkharður frá Frankaríki og Jóhann frá Flórens, sem sannfæra sjálfa sig um að konur þeirra séu upp til hópa ótrúar, falla undir síðari flokkinn. Þegar Jóhann bruggar launráð sín fær hann til liðs við sig gamla

konu sem þekkir til konu Ambrósíusar og vingast við hana beinlínis í þeim tilgangi að notfæra sér kunningsskap hennar við konuna. Eftir að hafa borðað með henni mat og veitt henni veglega af öli fær hann hana til taka þátt í áætlunum sínum. Sú gamla virðist ekki eiga í vandræðum með hlutverk sitt, og höfðar til guðhræðslu frúarinnar þegar hún segist ætla í langferð til kirkju heilags Jakobs og býðst til að taka fyrir frúna ölmusu fyrir þá heilögu. Af ferðinni verður þó aldrei, enda var hún upplogin í þeim tilgangi að koma ferðakistu konunnar (í raun Jóhanns) til geymslu í svefnherbergi frúarinnar.

Jóhann kemur sér nú fyrir í kistunni og í svefnherbergi konunnar tekst honum að afla sér sönnunargagna fyrir ástarfundi sínum með eiginkonunni – ástarfundi sem átti sér þó aldrei stað. Annars vegar kemur hann auga á kennitákn – svarta vörtu – á handlegg hennar og hins vegar stelur hann frá henni skarti sem hann segir svo vera gjöf hennar til hans. Frásögnin er, þegar hér er komið, full af táknum fyrir þá sem kunna að lesa í slíkt, og vel mætti halda því fram að athafnir Jóhanns í svefnherbergi frúarinnar séu táknrænar fyrir nauðgun. Þegar Jóhann kemur svo aftur til Parísar og hittir þar fyrir félagan sinn Ambrósíus, leiðir hann hann í allan „sannleikann“ um það sem átti sér stað í svefnherberginu og þar með lauslæti konu hans. Þar sem hann segist þó ekki vilja að Ambrósíus missi æru sína lofar hann að segja ekki öðrum frá þessari hneisu. Ambrósíusi verður mikið við um fréttirnar en Jóhann hvetur hann til að bera sig vel og hafa eitt „karlmannshjarta“.



Myndasería af skreyttum kistli frá 1420–1425, varðveittum á Þjóðminjasafni Skotlands í Edinborg.⁵¹ Myndirnar sýna senur úr sögunni um kaupmennina, veðmálið og eiginkonuna en þarna má meðal annars sjá hvernig kistan er borin inn í hús konunnar og hvernig Jóhann fylgist með henni sofandi.

Tólf árum síðar, þar sem Jóhann selur varning sinn í fjarlægri borg, hittir hann

⁵¹ Cassone with Scenes from Boccaccio's 'Decameron' (© CC by NC, National Galleries of Scotland, NG 1738). Sótt 27. júní 2023 af <<https://www.nationalgalleries.org/art-and-artists/5518>>

þar fyrir konu Ambrósíusar í gervi Friðriks. Konan kemur auga á dýrgripina sem Jóhann stal frá henni forðum daga og spyr hann út í þá. Þrátt fyrir að hafa lofað Ambrósíusi að segja ekki nokkrum manni frá viðskiptum sínum við konu hans, leiðir hann nú Friðrik í allan sannleikann um veðmálið, grobbar sig af og segir: „ef ad ydar fōduwleg nād viþe hvorninn eg þær ødlast hefe, munde ydur skiemtum i þikia“.⁵² Fyrir Jóhanni eru dýrgripir konunnar, þýfið, áþreifanleg sönnun fyrir eigin kvenhylli og kænsku en fyrir konunni eru þeir sjónræn áminning um glæp hans og það misrétti sem hún var beitt.

Veðmálið forðum snérist upp í sögu um svik. Rangindi Jóhanns urðu til þess að Ambrósíus tapaði veðmálinu og eiginkona hans ærunni, eða svo kann að virðast í fyrstu. Þegar upp er staðið er það þó Jóhann sem tapar ekki einungis ærunni, heldur sjálfu lífinu. Með þessum hætti kallar sagan á siðferðislega hefnd og upprætingu hins illa.⁵³ Þótt kona Ambrósíusar sé dyggðin uppmáluð og hafi hingað til breytt eftir bókinni nær kristið innræti hennar ekki lengra; fyrirgefning kemur aldrei til greina og rangindi ber að leiðrétta. Kona Ambrósíusar einfaldlega fellur og rís upp aftur. Að þessu leyti sver sagan sig í ætt við ævintýri, þar sem söguþráðurinn stefnir ávallt í átt að farsælum endi, og uppfyllir þannig væntingar áheyrenda sinna.

Í upphafi sögunnar er sjónum beint að kaupmönnum fjórum, löngunum þeirra, græðgi og breytni þeirra gagnvart konum. Þeir kaupmenn af fjórum eru fúsir til að stunda framhjáhald og allir eru þeir tilbúnir til að trúá hinu versta upp á eiginkonur sínar, Ambrósíus þó ekki fyrr en eftir blekkingar í því sambandi, en sjálfur hafði hann með frjálsum vilja gengist inn á veðmál þar sem fyrir lá að félagi hans myndi reyna að tæla eiginkonu hans. Eins og gefur að skilja njóta kaupmennirnir ekki samúðar í sögunni og í raun er harkalega deilt á framferði þeirra. Í framhaldinu er karlmönnum svo ráðlagt að hafa hemil á kenndum sínum og huga að framkomu sinni gagnvart konum. Að þessu leyti er sagan hrein og klár dæmisaga og augljóst er að hún felur í sér félagslega mótun, þar sem ætlast er til að áheyrendur hennar læri af gjörðum og örlögum söguhetjanna. En hvers vegna þótti mikilvægt að fá ríka og volduga karlmenn til að hemja hvatir sínar gagnvart konum og hafa stjórn á þeim?

Ef siðaboðskapur sögunnar er skoðaður í samfélagslegu samhengi er ljóst að hann á sér skýran hljómgrunn, bæði í samfélagslegum áherslum og þeim lögum sem giltu í siðferðismálum. Eins og fram kemur í *Dyggðaspegli*, riti sem Jón Arason (1606–1673), prófastur í Vatnsfirði, þýddi úr þýsku árið 1639, var

⁵² JS 251 4to, bl. 109v.

⁵³ William Robins, „Intertextuality and Romance in the Novella of Bernabò and Zinevra (*Decameron* 2.9)“, bls. 144.

kynlíf utan hjónabands álitid bæði syndsamlegt og saknæmt og til vitnis um hið illa í mannum.⁵⁴ Á sama tíma átti almenningur að þekkja til boðorðanna tíu og til að mynda var lögð áhersla á þau í *Biblú Laicorum* sem var gefin út á Hólum árið 1599, en þar hljóðaði tíunda boðorðið á þann veg að karlmenn skyldu eigi gignast eiginkonur annarra karla. Að öðru leyti má setja söguna um lauslæti kaupmannanna í samhengi við „Stóradóm“ þar sem refsingar við framhjáhaldi eða „hórdómi“ voru hertar frá því sem áður var. Í samræmi við þetta leituðust kirkjuyfirvöld við að sporna gegn lauslæti og óviðeigandi samskiptum karla og kvenna.⁵⁵

Augljóst er að kaupmennirnir standa fyrir úrelt gildi og að saga þeirra átti að hvetja karlmenn til að endurmeta viðhorf sín. Í þessu tilliti er okkur bent á iðrunina sem raunhæfa leið til að gera upp vafasama breytni í fortíðinni, og er það einmitt sú leið sem Ambrósíus velur. Á hinn bóginn er Jóhanni, sem iðrast ekki gerða sinna, refsað, enda er hann fulltrúi liðinna tíma sem einkenndust af drottnun og yfirvaldi. Í boðskap kirkjunnar er víða lögð áhersla á mikilvægi iðrunarinnar og ljóst er að siðaboðskapur sögunnar á sér hljómgrunn í ritum á borð við hugvekjur Gerhards sem nutu mikillar hylli á Íslandi allt frá fyrstu útgáfu árið 1634.⁵⁶ Að auki er fróðlegt að skoða hin úreltu gildi kaupmannanna í ljósi samfélagslegra breytinga og þeirrar þróunar sem varð á konungsvaldi í Evrópu á síðmiðöldum og fram yfir siðaskipti.

Með sterkara konungsvaldi var blóðhefndarmenningin á undanhaldi og valdbeitingin færðist frá einstaklingum yfir á fulltrúa konungsvaldsins, lénsmenn, með tilheyrandi áherslubreytingum á hinum hefðbundnu hlutverkum karla.⁵⁷ Með þeirri þróun sem varð á stjórnarfari víðast hvar í Evrópu þurftu yfirvöld að venja þegna sína af ýmsu hátterni sem hafði tíðkast um langt skeið og hvetja þá til háttsemi og þeirrar siðprýði sem hentaði hinum nýju aðstæðum betur.

⁵⁴ *Dyggðaspegill*, sem var ætlaður ungum konum, er varðveittur í átta handritum. Sjá Þórunn Valdimarsdóttir, „Dyggðaspegill“, *Sagnir* 7, 1986, bls. 43–50, hér bls. 47; Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi III, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 340.

⁵⁵ Stóridómur var lögtekinn hér á landi árið 1565. Um viðhorf kirkjunnar til framhjáhalds, sjá Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 92–96, 290–292.

⁵⁶ Sama heimild, bls. 120. Um mikilvægi iðrunarinnar í íslensku trúarlífi á 16. og 17. öld, sjá sömu heimild, bls. 169, 173.

⁵⁷ Um eflingu konungsvalds á Íslandi á 16. öld, sjá Hjalti Hugason, „Seigfljótandi siðaskipti“, *Ritið* 1, 2018, bls. 165–197, hér bls. 180–181, 183, 193. Um samband ríkis og kirkju í Evrópu á 16. og 17. öld, sjá Robert von Friedeburg, „Church and state in lutheran lands, 1550–1675“, *Lutheran ecclesiastic culture, 1550–1675. Brill's Companions to the christian tradition* 11, ritstjóri Robert R. Kolb, Leiden: Brill, 2008, bls. 361–410.

Breyting á stjórnarfari gat því kallað á breytingar á heðgun þar sem mikilvægt þótti að karlmenn gætu haft stjórn á hvötum sínum. Í stað þess að beita valdi áttu þeir nú að iðrast og lúta herra sínum. Sé sagan lesin í þessu ljósi kemur hún vissulega inn á félagslega mótun og siðvæðingu, bæði veraldlegra og kirkjulegra yfirvalda. Hún kynnir til sögunnar þau gildi að velgengni undir forystu konungs felist í þjónustulund og heiðarleika. Vilji mönnum farnast vel í lífinu ættu þeir að taka sér til fyrirmyndar höfðingja á borð við Friðrik landstjóra eða með öðrum orðum hina nafnlausu konu kaupmannsins.

Sagan í ljósi íslenskra bókmennta

Sterkar konur eru áberandi í íslenskum miðaldabókmenntum, þar sem þær birtast okkur sem aðilar í hefndum, stríðandi hermenn og meykóngar. Sem stríðandi hermenn taka þær sér karlmannsklæði og jafnvel karlmannsnafn þann tíma sem þær athafna sig í gervinu, líkt og Hervör, söguhetja *Hervarar sögu og Heiðreks*, sem nefnir sig tímabundið Hjörvarð.⁵⁸ Hið sama má segja um Þornbjörgu í *Hrólfs sögu Gautrekssonar* sem nefnir sig Þórberg þann tíma sem hún stríðir sem karlmaður.⁵⁹ Ýmis önnur áþekk dæmi mætti tína til, enda eru herkonur og konur sem breyta kyngervi sínu í hernaði svo margar innan íslenskra bókmennta að karlgervi konunnar í *Sögu af fjórum kaupmönnum* ætti ekki að hafa komið íslenskum áheyrendum á óvart, né sú staðreynd hversu auðveldlega henni tekst að tileinka sér hlutverkið. Sagan hefur því fallið vel að íslenskri bókmenntahefð, sem verður líklega hvað best séð af sambærilegu atviki í tveimur riddarasögum, *Mágus sögu* og *Mírmanns sögu*, þar sem kona tekur sér karlmannsklæði og leggur í hernað sérstaklega í þeim tilgangi að endurheimta eiginmann sinn eða festarmann.⁶⁰

Að sumu leyti sker sagan sig frá íslenskum miðaldasögum enda er konan hér tilneydd að villa á sér heimildir, vilji hún lifa af, auk þess sem hún þarf aldrei að réttlæta karlmannsgervi sitt fyrir öðru fólki. Þar að auki sækist hún ekki eftir valdinu, eins og þær stríðandi konur sem einkenna hinar eldri sögur, heldur nýtur hún góðvilja annarra karlanna sem hjálpa henni – sem karlmanni – að feta sig hærra og hærra upp metorðastigann. Á meðan meykóngar miðalda-

⁵⁸ *Fornaldar sögur Norðrlanda eptir gömlum handritum* I–III, útgefandi C.C. Rafn, Kaupmannahöfn, 1829–30, bls. I 432.

⁵⁹ Sama heimild, bls. III 68. Sá munur er þó á þessum tveimur konum að Hervör athafnar sig í samfélagi víkinga, á meðan Þornbjörg ber vopn sín að riddarahætti og að lítið er á kunnáttu hennar sem list.

⁶⁰ *Riddarasögur* II, útgefandi Bjarni Vilhjálmsson, Reykjavík: Haukadalsútgáfan, 1982, bls. 159; *Mírmanns saga*, Editiones Arnarnáttur, Series A, 17, útg. Desmond Slay, Copenhagen: Reitzel, 1997, bls. 115.

sagnanna eru í flestum tilvikum yfirbugaðar af karlmanni í sögulok, karlmanni sem lækkar þá í þeim rostann, á hið sama ekki við um þá sögu sem hér er sögð, þar sem konan fer alla leið í hlutverki karlsins, meðal annars með því að leiða baráttuna gegn heiðingjum sem var lengi vel eitt hið göfugusta hlutverk völdugra, kristinna karla.

Að sumu leyti má gera ráð fyrir að *Saga af fjórum kaupmönnum* hafi höfðað sér-taklega til kvenna og vert er að hafa í huga að það var einmitt kona sem pantaði sér rímur af sögunni hjá skáldinu Sigurði Breiðfjörð og að í einu tilfelli, þar sem vitað er um eiganda handrits, var það kona. Á þeim tíma þegar sagan var þýdd yfir á íslensku gegndu íslenskar konur fjölbreyttu hlutverki og til að mynda voru margar íslenskar konur í lok 17. aldar ógiftar og þar af leiðandi voru þær ekki dæmigerðar húsmæður. Á Íslandi voru þar að auki til sterkar konur, jafnvel ógiftar, og fyrir kemur að slíkar konur hafi verið skilgreindar út frá karllægu sjónarhorni, eins og Halldóra Guðbrandsdóttir (1537–1658) sem sagt var að hefði borið „karlmannshug í konubrósti“. Ljóst er að dyggðir konu á borð við Halldóru endurspeglast í hugmyndum um hina fullkomnu konu, enda var hún sögð „fagurt ljós þessa lands af guðhræðslu og ölmusugjöfum“ og ekki er laust að þær minni hvor á aðra, Halldóra og konan ærlega í sögunni.⁶¹

Í *Sögu af fjórum kaupmönnum* er lögð áhersla á það traust sem fólk leggur á það sem það sér og heyrir en þegar sannleikurinn kemur í ljós er hann ekki allur sem sýnist. Orð eru langt því frá að vera alltaf sönn og útilit fólks – eða kynferði – segir okkur ekkert um eiginleika þess, innrætingu og hæfileika. Í sögunni er þannig fjallað, í stærra samhengi, um það sem gæti hafa gerst en gerðist ekki, og afleiðingar þess að trúa þeim sem hagræða sannleikanum í eigin þágu. Með sama hætti fjallar hún þó einnig um það sem gerðist sökum þess sem gæti hafa gerst og án þess hefði kona kaupmannsins aldrei notið velgengni sem virtur einstaklingur. Sem kona dugði dyggð hennar og heiðarleiki ekki einu sinni til þess að hún væri nefnd á nafn, en í karlmannsgervinu færir þessi sama dyggð henni bæði völd og velgengni. Ástæðan er líklega fyrst og fremst sú, eins og fyrr segir, að með klæðskiptunum verður konan að einstaklingi, rétt eins og karlmaður, í stað þess að tilheyra hinni valdalausku kvennastétt sem karlhetjur sögunnar alhæfa um, líkt og allar konur séu steypar í sama mót í stað þess að búa yfir raunverulegum persónueinkennum sem gerir þær að einstaklingum. Með því að alhæfa um hópa, hvort sem þeir einkennast af kynferði eða öðrum sameiginlegum einkennum, viðhalda ráðandi hópar – hér karlmenn – yfirburðum sínum sem einstaklingar gaggvart öllum sem eru utangarðs og heyra ekki undir hinn útvalda hóp.

⁶¹ Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 97, 100.

Með því að lesa þessa litlu sögu í samhengi við það samfélag sem þýddi hana, skrifaði hana upp aftur og aftur og orti af henni ný kvæði, verður merking hennar margræð. Hún hefur vafalaust verið þess megnug að vekja lesendur sína og áheyrendur til umhugsunar og gert þá meðvitaða um eigin afstöðu til viðtekinnna gilda sem ef til vill var kominn tími til að endurskoða. Hvatning í þá veru er sett fram í sögunni um hina ærlegu kvinnu sem átti auðvelt með að axla þá ábyrgð sem karlmönnum einum hafði vanalega verið trúað fyrir. Hafi sagan átt örlítinn þátt í hægfare viðhorfsbreytingu meðal Íslendinga á 17. öld og síðar er það í sjálfu sér jákvætt. Hafi hún þó einkum náð að skemmta fólki með framandleika sínum er það ekki síður jákvætt. Góð saga er hvorki meira né minna en það – góð saga. Hún skemmtir einum, kennir öðrum og hefur alla möguleika til að hafa mótandi áhrif á þann þriðja.

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er fjallað um *Sögu af fjórum kaupmönnum* sem heyrir til svonefndra almúgabóka og var þýdd yfir á íslensku á 17. öld. Sagan fjallar um kaupmenn sem veðja um trúlyndi eiginkonu eins þeirra. Söguefnið um kaupmennina og konuna, sem reynist vera saklaus, er útbreitt um Evrópu og kemur meðal annars fyrir hjá Giovanni Boccaccio sem nýtti sér það í *Decameron*, og hjá William Shakespeare sem studdist við það í verki sínu *The Tragedie of Cymbeline*. Í umfjölluninni er söguefnið skoðað í víðu samhengi og í upphafi er athyglinni beint að þróun þess í Evrópu. Eftir það er fjallað um íslensku þýðinguna sérstaklega og varðveislu hennar. Að lokum er sagan greind með áherslu á þema hennar og boðskap og leitast er við að draga fram og varpa ljósi á hugmyndir um stöðu kvenna fyrir á öldum. Einkum og sér í lagi er þó spurt hvaða erindi sagan gæti hafa átt til íslenskra áheyrenda á 17. öld og þann tíma sem hún naut vinsælda og hvernig lesendur hennar og áheyrendur gætu hafa lesið í og túlkað þau gildi sem þar eru dregin fram.

Lykilorð: Saga af fjórum kaupmönnum, almúgabækur, þýðingar, íslenskar bókmenntir, kynjahlutverk

ABSTRACT:

**Four Merchants and a Cross-dresser:
On the Origins and Influence of a Chapbook**

The article discusses the Tale of Four Merchants (*Saga af fjórum kaupmönnum*), a Chapbook that was translated into Icelandic in the 17th century. The story tells about merchants who bet on the fidelity of one of the fellows' wife. The topic of the merchants and the woman, who turns out to be innocent, is widespread throughout Europe and appears, e.g., in the work of Giovanni Boccaccio, who used it in his *Decameron*, and in William Shakespeare's *The Tragedy of Cymbeline*. In this article, the story is examined in a broad context, first by focusing on its development in Europe and the preservation of the Icelandic translation. Secondly, the story is analyzed with an emphasis on its theme and moral, and an effort is made to shed light on ideas about attitudes towards women in earlier centuries. In particular, however, we will ask what message the story might have had for Icelandic audiences in the 17th century and during the time it enjoyed popularity, and how its readers and listeners might have read and interpreted the moral values that are highlighted in this story.

Keywords: Four merchants, chapbooks, translations, Icelandic literature, gender roles

AÐALHEIÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

Prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Eddu við Suðurgötu

IS-107 Reykjavík, Ísland

adalh@hi.is

